

## 19. gr.

*Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.*

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari.

## 20. gr.

*Niðurfelling lífeyris.*

Hafi lífeyrisþegi vísvitandi eða sviksamlega gefið rangar upplýsingar um starfsorku sína, tekjur, eða önnur atriði er skipta máli við ákvörðun bóta er stjórn sjóðsins heimilt að krefja hann um endurgreiðslu á áður ofgreiddum lífeyri, ásamt dráttarvöxtum.

## 21. gr.

*Gerðardómur.*

Vilji sjóðsfélagi ekki una úrskurði sjóðsstjórnar í máli er hann hefur skotið til hennar getur hann vísað því til gerðardóms sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af aðildarfyrirtækjum, einum tilnefndum af sjóðsfélaga og oddamanni tilnefndum af Lagastofnun háskólans. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins.

## 22. gr.

*Breytingar á reglugerðinni.*

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins gildar að þær hafi verið samþykktar af aðalfundi sjóðsins með 2/3 hluta greiddra atkvæða, eða einföldum meirihluta atkvæða á tveimur aðalfundum í röð.

## 23. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi tekur gildi 1. maí 1995 og kemur í stað eldri reglugerðar frá 3. júní 1994.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1995.*

F. h. r.

**Áslaug Guðjónsdóttir.**

---

*Hermann Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010, með síðari breytingum.

Breytingin er fölgín í því að á lóðunum Hafnarstræti 24, 28 og 30 verði blönduð landnotkun, þ.e.a.s. verslunar-, þjónustu- og íbúðasvæði, þannig að heimilt verði að nýta lóðirnar að hluta eða öllu leyti undir íbúðarhús.

Uppdráttur af breytingunni hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi fyrir Keflavík,  
Njarðvíkur og Keflavíkurflugvöll 1982-2002.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytingu á aðalskipulagi Keflavíkur-Njarðvíkur-Keflavíkurflugvallar 1982-2002, með síðari breytingum, staðfest 20. september 1983.

Breytingin er fölginn í því að íbúðalóð (Skólavegur 38) er breytt í stofnanalóð.

Uppdráttur af breytingunni hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Keflavíkur, Njarðvíkur og Hafna. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits, Akranesi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 28. desember 1995 staðfest breytt deiliskipulag Akratorgsreits, Akranesi.

Breytingin er fölginn í því að verslunarlóð nr. 10 við Kirkjubraut er aukinn að lóðarmörkum Kirkjubrautar 12. Þá er bílageymsla, sem nú er á lóðinni, en ekki á deiliskipulaginu, látin standa og henni breytt í verslunarhúsnæði.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akraness.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytið, 28. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

---

*Ingimar Sigurðsson.*